

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
nefndasvid@althingi.is

## Hagsmunasamtök Heimilanna



heimilin@heimilin.is - www.heimilin.is  
Ármúla 5 -108 Reykjavík  
kt. 520209-2120

Erindi nr. HH14U144.0396

Dags. 18.12.2014

### Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 396. mál á 144. löggjafarþingi

Upplýsinga- og sannleiksskylda ráðherra (rangar upplýsingar veittar á Alþingi)

Frumvarp það sem hér til umsagnar lýtur að því að styrkja frekar í sessi upplýsingaskyldu ráðherra gagnvart Alþingi, og kveða á um að brot gegn þeirri skyldu varði ráðherraábyrgð. Hagsmunasamtök heimilanna telja að til þess að Alþingi geti rækt eftirlitshlutverk sitt með framkvæmdavaldinu sé nauðsynlegt að tryggja aðgang að réttum upplýsingum sem geta haft þýðingu fyrir afgreiðslu mála á Alþingi. Þetta markmið er í samræmi við kröfur samtímans um aukið gegnsæi og ábyrga stjórnsýsluhætti, og samrýmist jafnframt áherslum Hagsmunasamtaka heimilanna. Með hliðsjón af því styðja samtökin frumvarp þetta og mælast til þess að það verði samþykkt.

- o -


Virðingarfyllst,  
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna



Vilhjálmur Bjarnason, formadur@heimilin.is



Pálmey Gísladóttir, varaformadur@heimilin.is



Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is